

Nr. 116 / 15 Páll Jónsson GK 7**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 1030
IMO nr. 6704892
Smíðaður: Hollandi 1967, stál
Stærð: 299 brl. 402 bt.
Mesta lengd: 43,90 m Skráð lengd: 40,36 m
Breidd: 7,60 m Dýpt: 6,30 m
Vél: Grenaa 662 kW, 1981
Fjöldi skipverja: 14



Páll Jónsson©Hafþór Hreiðarsson

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 19. febrúar 2016 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 22. október 2015 var Páll Jónsson GK 7 á línuveiðum vestur af Dyrhólaey. Veður: SSV 10 m/s.

Skipverjar voru að leggja línuna þegar skipið missti vélarafli og í ljós kom að olíuþrýstingur hélst ekki á gírnum. Óskað var eftir aðstoð og Jóna Eðvalds SF 200 dró skipið til Reykjavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að öxultengi (rillutengi) fyrir smurolíudælurnar var í sundur;
- að öxuldraga þurfti skipið til að ná út neðri hlutanum af gírnum;
- að skipt var um allar legur og fóðringar;
- að gírinn er af Grenaa gerð og sambyggður vélinni.

Nefndarálit:

Orsök atviksins er sú að öxultengi gaf sig.